

Stofnanasamningur við Þjóðmenningarhús á grundvelli samkomulags fjármálaráðherra og aðildarfélaga BHM frá 28. febrúar 2005 um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til þeirra sem starfa hjá Þjóðmenningarhúsi og eru félagsmenn í aðildarfélögum BHM sem stóðu að samkomulagi fjármálaráðherra og aðildarfélaga BHM 28. febrúar 2005, þ.e. Félag íslenskra fræða.

2. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- að tryggja stofnuninni hæft og gott starfsfólk í hvetjandi starfsumhverfi,
- að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og að hægt sé að taka mið af færni einstaklinga í starfi
- að launakerfið sé sveigjanlegt, taki mið af skipulagi og sérstöðu stofnunarinnar og nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum hennar.
- að stofnunin stuðli markvisst að endurmenntun starfsmanna.
- að konur og karlar njóti sömu kjara fyrir sambærileg störf.

3. Röðun starfa í launaflokka

3.1 Almennar forsendur röðunar

Ákvörðun um röðun starfa í launaflokka tekur mið af þeim verkefnum- og skyldum sem í starfinu felast, menntun, ábyrgð, þjálfun, starfsreynslu og færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að gegna starfinu. Röðun skal miðast við grunnverkssvið í viðkomandi starfi og gildar starfslýsingar starfsmanna. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti, er vísigregla gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

3.2 Skilgreining starfsheita

Launakerfi Þjóðmenningarhúss byggist á eftirfarandi starfaflokkun:

Fulltrúi
Sérfræðingur
Skrifstofustjóri

AS/

Fulltrúi

Starfið felur í sér gestamóttöku og skrifstofuvinnu, svo sem við tekjuskráningu og umsýslu tekna, skráningu vegna gestatalningar, rafræna eignaskráningu, skjalaflokkun, skjalavörslu o.fl. Einnig umsjón með þáttum sem snúa að daglegum rekstri verslunar, lager, reikningum og pöntunum, ásamt öðrum verkefnum sem skrifstofustjóri og forstöðumaður fela starfsmanni. Grunnmenntunarkrafa er BA-próf.

Fulltrúa skal grunnraðað í lfl. 1.

Sérfræðingur

Sérfræðingur ber faglega ábyrgð á vinnu sinni sem er unnin undir umsjón skrifstofustjóra. Sérfræðingur ber ábyrgð á leiðsögn og fræðslu um sýningar í Þjóðmenningarhúsinu. Sérfræðingur annast kynningu á starfsemi hússins og upplýsingamiðlun. Sérfræðingur vinnur að þróun ýmissa verkefna í tengslum við skólaheimsóknir og sinnir öðrum verkefnum sem skrifstofustjóri og forstöðumaður fela honum. Grunnmenntunarkrafa í starfið er BA-próf eða sambærileg menntun.

Sérfræðingi skal grunnraðað í lfl. 5.

Skrifstofustjóri

Skrifstofustjóri vinnur undir yfirstjórn forstöðumanns að þeim verkefnum sem undir Þjóðmenningarhúsið heyra. Skrifstofustjóri hefur umsjón með rekstri stofnunarinnar, starfsmannahaldi og öðrum verkefnum sem forstöðumaður felur skrifstofustjóra. Skrifstofustjóri er staðgengill forstöðumanns í fjarveru hans, sbr. reglugerð forsætisráðuneytis um Þjóðmenningarhúsið frá 16. apríl 2004. Grunnmenntunarkrafa í starfið er BA-próf eða menntun sem metin er ígildi slíkrar gráðu.

Skrifstofustjóra skal grunnraðað í lfl. 11.

4. Persónu- og tímabundnir þættir

Metnir eru persónu- og tímabundna þættir sem álag á launaflokka. Slíkt álag skal háð árlegu endurmati. Meta má vægi álags beggja þátta til hækkunar um allt að 20% samanlagt af viðkomandi launaflokki í 2,5% bilum. Starfslýsingar skulu endurskoðaðar við varanlegar breytingar á verksviði starfsmanna vegna skipulagsbreytinga, starfsþóunar eða með hliðsjón af frammistöðumati sem gert er á grundvelli starfsmannaviðtals.

4.1 Persónubundnir þættir.

4.1.1 Menntun

Metin er viðbótarmenntun sem nýtist í starfi, umfram grunnkröfur í 2.2. Til viðmiðunar skal hafa að 15 einingar skv. mati háskólanna séu grundvöllur 2,5% álags og mesta álag vegna viðbótarmenntunar getur verið 15 %. Eins árs háskólanám (30 einingar) gefur þannig 5%.

4.1.2 Starfsreynsla

Eftir 1 ár í starfi skulu starfsmenn fá 2,5% álag.

Eftir 3 ár í starfi skulu starfsmenn fá 5,0% álag.

Eftir 5 ár í starfi skulu starfsmenn fá 7,5% álag.

Eftir 7 ár í starfi skulu starfsmenn fá 10% álag.

Reynsla starfsmanns af sambærilegu starfi hjá öðrum vinnuveitanda, að hluta eða öllu leyti, skal að jafnaði metin til jafns við starfsreynslu í Þjóðmenningarhúsinu. Starfsreynsla áunnin við tímabundna ráðningu er metin á sama hátt.

4.2 Tímabundnir þættir

Ef starfsmaður tekur að sér tímabundið viðbótarábyrgð án þess að grunnverksviði hans sé breytt eða öðrum viðvarandi verkefnum sé fækkað (svo sem tímabundið stjórnunarálag umfram stjórnunarskyldu) getur forstöðumaður umbunað það með sérstökum álagsgreiðslum. Einnig má með sama hætti meta hæfni, sérstakan árangur og/eða frammistöðu í starfi.

5. Sérstök umbun

Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun, sem aldrei skal þó nema hærri fjárhæð en kr. 30.000.- á mánuði. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta og greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara. Ákvörðun um greiðslu slíkrar umbunar skal tekin af forstöðumanni og byggist á skriflegum reglum í samræmi við leiðbeinandi fyrirmæli fjármálaráðuneytis.

6. Endurmat starfskjara

Starf og starfskjör starfsmanns skulu metin reglulega og sérstaklega þegar um meiri háttar endurskoðun verklags/stjórnskipulags innan stofnunar er að ræða. Forstöðumaður, eða sá er hann felur verkefnið, boðar ár hvert til starfsmannaviðtala.

7. Réttur til endurmats á starfi

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar í samræmi við ákvæði kjarasamnings.

8. Hlutverk samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi samkvæmt ákvæðum í samkomulagi fjármálaráðherra og aðildarfélaga BHM frá 28. febrúar 2005 um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila. Samstarfsnefndin skal einnig semja um röðun starfa samkv. 25.gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Nefndin fjallar um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings.

9. Gildistími og endurskoðun.

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. maí 2006 og skal endurskoðaður eigi síðar en 1. febrúar 2007 og síðan ef einn eða fleiri samningsaðila óskar þess.

Reykjavík, 12. júlí 2006

F.h. Þjóðmenningarhússins

F.h. Félags íslenskra fræða

